

12. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Hótel Hamar, 6. mars 2009 kl. 13:30.

Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Jón Pálma Pálsson sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
7. Lagabreytingar
8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin
eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmæti fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru:

Gunnólfur Lárusson

Þorvaldur Vestmann

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður las skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a. að 7 stjórnarfundir hefðu verið haldnir á árinu. Hann fór yfir rekstrarniðurstöðu félagsins en tap varð á rekstrinum upp á 3,6 milljónir króna. 14 milljónir eru gjaldfærðar í ársreikningi vegna framkvæmda við urðunarrein og afskriftir 8,3 millj. kr. Guðbrandur fór yfir starfsemi á urðunarstaðnum á árinu 2008 þar sem það er fyrsta árið sem Sorpurðun rekur urðunarstaðinn í eigin nafni þar sem Gámaþjónusta Vesturlands hafði rekið hann frá upphafi samkvæmt útboðssamningi frá árinu 1999. Hann fór yfir tölur um minnkandi sorpmagn en sorpmagn ársins 2008 var 10.411 tonn á móti 11.267 tonnum árið 2007.

Guðbrandur sagði frá framkvæmdum við urðunarrein nr. 4 sem er sú stærsta sem tekin hefur verið til þessa. Jónas Guðmundsson ehf. Sér um verkið samkvæmt útboði sem opnað var 2. maí 2008. Urðunarrein nr. 4 er sú stærsta sem tekin hefur verið til þessa.

Formaður ræddi samstarf sorpsamlaganna á suðvesturhorninu og svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009 – 2020. Hann fór yfir hagsmunagæslu í úrgangsmálum og augin áhrif sveitarfélaga við stefnumótun í málaflokknum og nefndi þar Úrvinnslusjóð, verkefnisstjórn í úrgangsmálum hjá Sambandi íslenskra Sveitarfélaga og sagði Guðbrandur dæmi sýna að ekki væri vanþörf á því að hafa fagaðila starfandi að sérhæfðum málum innan úrgangsgeirans.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur. RR-skil hafa nú hafið störf og samkvæmt upplýsingum frá RR skilum mun það vera stefnan að koma fyrir gámum fyrir raf- og rafeindaúrgangs á mönnum söfnunarstöðvum. Guðbrandur sagði frá því að þetta mál hefði verið rætt á fundi verkefnisstjórnar Sambandsins og ef að aðeins ætti að sinna mönnum gámastöðvum væri ekki verið að þjónusta landið allt og væri það með öllu óþolandi. Hann sagði að menn undruðust stofnun RR skila þar sem nú þegar sé búið að koma Úrvinnslusjóði á koppinn.

Að lokum fór Guðbrandur yfir tækniröfur fyrir urðunarstaði en í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs er ákvæði um að allir starfandi urðunarstaðir skuli hafa uppfyllt svonefndar tækniröfur reglugerðarinnar fyrir 16. Júlí 2009. Guðbrandur þakkaði starfsfólki og stjórn Sorpurðunar fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og færði sveitarstjórnnum og sorpverktökum bestu þakkið fyrir samstarfið.

2. Ársreikningar félagsins.

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Niðurstaða rekstrarreiknings er rekstrarhalli kr. 3.522.644. Heildartekjur ársins 2008 voru 52,5 millj. kr. Afskriftir ársins voru 8.3 millj. kr.

Heildareignir eru tæpar 74 millj. Skuldir 30 millj. kr. Eiigið fé 43,9 millj. kr.

Hrefna sagði frá skýrslu um grænt bókhald Sorpurðunar Vesturlands hf. sem liggur nú fyrir vegna ársins 2008 og er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og SSV.

Framkvæmdastjóri fór yfir grænt bókhald fyrirtækisins.

Fundarstjóri bar upp reikningana og skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

Greiðslur fyrir fund miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 31.500 aðrir 3% kr. 15.750. Greiðslur fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum RSK.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp þá tillögu að ekki yrði greiddur út arður og rekstrarhalli fyrirtækisins kæmi til lækkunar eiginfjármagni fyrirtækisins. Samþykkt samhljóða

5. Kosning stjórnar

flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Guðbrandur Brynjúlfsson

Kristinn Jónasson

Sigríður Gróa Kristjánsdóttir

Sæmundur Víglundsson

Bergur Þorgeirsson.

Sigríður Finsen.

Arnheiður Hjörleifsdóttir

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Framkvæmdastjóri kynnti verkefni um bætta skráningu úrgangs hjá sveitarfélögum og vísaði til fundar sem haldinn var 3. mars sl. þar sem fulltrúar sveitarfélaganna mættu og ræddu hugmyndir að skráningarformi.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 14:15.

Fundarritari, Hrefna B. Jónsdóttir